

83. ársþing UMSK

83. ársþing Ungmennasambands Kjalarneßings, haldið 15. febrúar, 2007, kl. 18.00 í Smáranum, íþróttahúsi Breiðabliks.

Ester Jónsdóttir varaformaður UMSK setti þingið og bar því kveðjur frá formanni UMSK, Valdimari Leó Friðrikssyni sem var fjarverandi vegna veikinda, hún las ávarp hans.

Næst lagði Ester til tillögu um 1. og 2. þingforseta, Loga Kristjánsson og Hafstein Pálsson.

Tillaga um þingforseta var samþykkt með lófataki.

Þingforsetar tóku til starfa og bar Logi fram tillögu um þingritara, Unu Maríu Óskarsdóttur og Margréti Björnsdóttur.

Tillaga um þingritara var samþykkt með lófataki.

Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd, Margréti Bjarnadóttur, Hafsteinn Guðmundsson og Magnús Jakobsson.

Tillaga um um kjörbréfanefnd var samþykkt samhljóða.

Skýrsla stjórnar og reikningar:

Þingforseti gaf Birgi Ara Hilmarssyni framkvæmdastjóra UMSK orðið og lagði hann skýrslu stjórnar fram í fjarveru formanns. Skýrslan lá prentuð frammi og rakti Birgir það helsta í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsári og helstu viðburði sem sambandið tók þátt í og stóð fyrir.

Hann útskýrði í meginatriðum þá gífurlegu vinnu sem í fram fer við undrbúning "Risalandsmóts UMFÍ" sem verður haldið í Kópavogi nú í sumar. Keppni mun fara fram viðsvegar í Kópavogi og er búist við metþátttöku enda boðið upp á margt spennandi fyrir utan stigakeppnina sjálfa.

Búið er að skrifa undir samstarfssamninga við sex stór fyrirtæki sem styrkja mótið, það eru Toyota, Bónus, Byko, Rúmfatalagerinn, Sparisjóðu Kópavogs og Vífifell.

Því næst lagði Birgir fram reikninga UMSK fyrir árið 2006. Sambandið stendur ágætlega fjárhagslega og var afkoma ársins jákvæð upp á 82 þúsund krónur.

Ávörp gesta:

Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ færði þinginu afmæliskveðjur frá ÍSÍ. Hann þakkaði góða og yfirgrípsmikla ársskýrslu sambandsins og sagði hana sýna mjög gott starf á árinu. Hann sagðist ánægður með að taka þátt í ársþingi UMSK, en það er í fyrsta skipti hans sem forseti ÍSÍ. Hann sagði það forréttингdi að fá að mæta á þing sambandsaðila um land allt. Sagði hann ánægjulegt hve margir félagar innan UMSK væru öflugir liðsmenn meðal æðstu stjórnenda innan íþróttahreyfingarinnar. Að síðustu ræddi hann starfið framundan, stórt landsmóti UMFÍ í Kópavogi og 100 ára afmæli UMFÍ.

Björn B. Jónsson formaður UMFÍ þakkaði boðið á þingið og bar sambandinu kveðjur frá stjórn UMFÍ, einnig óskaði hann þinginu allra heilla vegna 80 ára afmælis þess á árinu. Ræddi hann mikilvæg tímamót hjá UMFÍ vegna 100 ára afmælisins þess og að starfið myndi bera þess merki. Margt verður gert til að minnast afmælisins og er Landsmót UMFÍ í Kópavogi meðal hápunkta afmælisársins. Greindi hann ennfremur

frá því að ný þjónustumiðstöð UMFÍ verði byggð í miðbæ Reykjavíkur. Húsið verði fjölnota þjónustuhús og mun það vera í fyrsta sinn sem UMFÍ byggir yfir sig í 100 ára sögu sinni.

Sigurrós Þorgrímsdóttir formaður Breiðabliks tók til máls og bauð þingfulltrúa velkomna í Kópavogin.

Álit kjörbréfaneftndar

Hafsteinn Guðmundsson formaður kjörbréfaneftndar las upp kjörbréf aðildarfélaga. 31 félag eru með aðild að UMSK og lögðu 14 þeirra fram kjörbréf fyrir 61 þingfulltrúa.
Álit kjörbréfaneftndar var samþykkt samhljóða.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Pétur Hrafn Sigurðsson tók til máls og ræddi skólahlaup UMSK. Ekki voru fleiri sem óskuðu eftir að taka til máls um skýrslu og reikninga.

Þingforseti bar upp skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga félagsins.

Fundurinn samþykkti hvorutveggja einróma.

Guðrún Snorradóttir verkefnistjóri verkefnissins “Flott án fíknar” gerði grein fyrir verkefniu sem komið er í marga skóla í Kópavogi. Verkefninu er ætlað að markaðssetja heilbrigðan lífsstíl hvað varðar mataræði, hreyfingu og án áfengis- og vímuefna.

Jón M Ívarsson gerði grein fyrir ritun sögu UMFÍ í 100 ár og las valda kafla úr bókinni. Bókin mun koma út næsta haust

Þórður Guðmundsson fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning fyrir landsmótið í sumar. Fram kom í máli hans að undirbúningur gengur vel bæði hvað varðar framkvæmdir á svæðinu og það sem viðkemur mótsaldinu. Skrifstofa mótsins er í lausri skólastofu á lóð Smáraskóla og eru þar þrír starfsmenn í hlutastarfi auk Björns Hermannssonar framkvæmdastjóra.

Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ tók til máls og bað Steinar Lúðvíksson að koma og veita Gullmerki ÍSÍ viðtöku. Steinar starfaði innan Breiðabliks um langan tíma þar sem hann var m.a. einn af frumkvöðum skíðadeildarinnar. Steinar var forstöðumaður Sundlaug Kópavogs í fjöld mörg ár.

Þingfulltrúar risu úr sætum og hyltu Steinar með lófataki í tilefni viðurkenningarinnar.

Björn B. Jónsson tók næst til máls og bað Bjarna Gauk Þórmundsson um að koma og veita viðtöku starfsmerki UMFÍ. Auk þess að vera einn af aðal þjálfurum unglingsaliða Breiðabliks í körfuknattleik hefur hann undanfarin ár ekki látið sig vanta á Unglingalandsmótin hjá UMFÍ en þangað mætir hann ávallt með mikinn hóp úr körfuknattleiksdeild Breiðabliks.

Kvöldverður í boði Kópavogsbaðjar

Í þinghléi bauð bæjarstjórn Kópavogs þingfulltrúum til kvöldverðar.

Ester Jónsdóttir varaformaður UMSK notaði þinghléið til að afhenda viðurkenningar til afreksmanna á sviði íþróttar- og félagsmála.

Ester afhenti eftirtaldar viðurkenningar:

Dansbikar UMSK,
Haukur Freyr Hafsteinsson og Denise Margrét Yaghi, Hvönn

Fimleikabikar UMSK
Sif Pálsdóttir, Grótta

Frjálsíþróttabikar UMSK,
Kári Steinn Karlsson, Breiðabliki

Sundbikar UMSK,
Arnar Felix Einarsson, Breiðabliki

Skíðabikar UMSK
Sindri Már Pálsson, Breiðabliki

UMFÍ-bikarinn
P-1 fimleikahópur, Gerplu

Afreksbikar UMSK
Arnar Sigurðsson, Tennisfélagi Kópavogs

Félagsmálastkjöldur UMSK
Snorri Olsen, Stjörnunni

Starfsmerki UMSK
Bóel Kristjánsdóttir, Aftureldingu
Hallur Kristinsson, Aftureldingu
Þorsteinn Sigvaldason, Aftureldingu
Arþór Sigurðsson, Breiðabliki
Böðvar Örn Sigurjónsson, Breiðabliki
Atli Þórsson, Breiðabliki
Indriði Jónsson, Breiðabliki
Magnús Gíslason, HK

Silfurmerki UMSK
Einar Vilhjálmsson, Breiðabliki
Konráð Sigurðsson, Breiðabliki

Gullmerki UMSK
Margrét Bjarnadóttir, Glóð

Fundi framhaldið kl. 20:00
Sindri Már Pálsson óskaði eftir að taka til máls. Sindri afhenti sambandinu mynd af honum sem tekin var á Olympíuleikunum í Torínó 2006, sem þakklæti fyrir þann mikla stuðning sem UMSK hefur veitt honum á síðust árum.

Birgir Ari Hilmarsson, framkvæmdastjóri UMSK kynnti drög að dagskrá 25. landsmóts UMFÍ, sem haldið verður í Kópavogi. Á mótinu verður boðið upp á fjölbreytta íþróttakeppni og menningardagskrá dagana 5.-8. júlí.

Þingforseti lagði fram tillögu þess efnis að ekki væri skipað í nefndir vegna þingmála að þessu sinni því þau mál sem fyrir liggi eru fá og góð og krefjist ekki yfirveru nefnda. Jafnframt lagði hann til að þær tillögur sem fyrir þinginu liggji verði bornar upp í einu lagi.

Tillagan var samþykkt.

Þingforseti bar því næst upp tillögur á þingskjolum 1 – 12

Þingskjal nr. 1 Fjárhagsáætlun 2007

Rekstrartekjur:

Útbreiðslustyrkur íSÍ	1.800.000
Lottó UMFÍ og íSÍ	24.000.000
Skattar aðildarfélaga	600.000
Getraunir	900.000
Tjaldleiga	500.000
<u>Tekjur við landsmóts</u>	<u>1.000.000</u>
Alls	28.800.000

Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	5.900.000
Þing og sérráð	200.000
Lottó til aðildarfélaga	18.350.000
Afreksmannasjóður	2.000.000
Skattur til UMFÍ	450.000
Gjafir og viðurkenningar	100.000
Kostn. v/ héraðsmóta	200.000
Landsmótsþátttaka	1.000.000
<u>Unglingalandsmót</u>	<u>600.000</u>
Alls	28.800.000

Þingskjal nr. 2

83. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir góðan stuðning við íþróttastarf á sambandssvæðinu. Þingið hvetur sveitarstjórnir til að halda áfram og efla enn frekar beinan stuðning til iökenda og bendir í því sambandi á hið mikla forvarnargildi sem í íþróttaiðkun fellst.

Þingskjal nr. 3

83. Ársþing UMSK... þakkar Bæjarstjórn Kópavogs og starfsmönnum fyrir gott samstarf og myndarlegt framlag í því að gera 25. Landsmót UMFÍ sem allra glæsilegast.

Þingskjal nr. 4

83. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að nýta sér í enn frekara mæli Íslenskar Getraunir til fjároflunar.

Þingskjal nr. 5

83. Ársþing UMSK... óskar þeim deildum og félögum innan sambandsins til hamingju sem fengið hafa gæðaviðurkenninguna "Fyrirmyndarfélag ÍSÍ". Þá hvetur þingið önnur félög til að stefna að því að fá þessa viðurkenningu. Jafnframt eru þau félög sem hafa fengið viðurkenninguna hvött til að halda áfram því góða starfi sem þar er unnið.

Þingskjal nr. 6

83. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 30 á félagsmenn 16 ára og eldri og ekkert verði greitt fyrir félagsmenn yngri en 16 ára.

Þingskjal nr. 7

83. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin leggja sitt af mörkum við undirbúning og framkvæmd 25. Landsmóts UMFÍ sem fram fer í Kópavogi 5.-8. júlí 2007 svo það megi verða sem glæsilegast.

Þingskjal nr. 8

83. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til almennrar þátttöku í 25. Landsmóti UMFÍ sem fram fer í Kópavogi 5.-8. júlí 2007 og sýna með því stryk sinn og samstöðu.

Þingskjal nr. 9

83. Ársþing UMSK... hvetur félagsmenn til almennrar þátttöku í 10. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina.

Þingskjal nr. 10

83. Ársþing UMSK... færir þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem starfa fyrir sambandið og aðildarfélögin þakki fyrir framlag þeirra og hvetur alla til að taka þátt í því göfuga starfi sem unnið er innan végbanda íþrótt- og ungmannafélagshreyfingarinnar.

Þingskjal nr. 11

83. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að leitast við að ráða einungis þjálfara til starfa sem hafa sótt námskeið á vegum íþróttahreyfingarinnar.

Þingskjal nr. 12

83. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að innleiða forvarnarverkefni í starf yngri flokka sinna, t.d. verkefnið "Flott án fíknar".

Tillögur á þingsskjölum 1-12 voru samþykktar samhljóða

Guðrún Leósdóttir úr Golfklúbbnum Kili tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu:

Þingskjal nr. 13

83. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að setja sér jafnréttisáætlun og fylgja henni eftir í hvívetna.

Tillagan var samþykkt samhljóða

Þingforseti lagði fram tillögu um Valdimar Leó Friðriksson sem formann til eins árs.
Samþykkt með lófataki

Því næst lagði hann fram tillögu um Ester Jónsdóttur og Albert H.N. Valdimarsson sem stjórnarmenn til tveggja ára.

Samþykkt með lófataki

Þá lagði hann til að Svanur M. Gestsson, Margrét Björnsdóttir og Hannes Jónsson sætu í varastjórn til eins árs.

Samþykkt með lófataki

Síðan lagði hann fram tillögu um Gunnar Pál Pálsson og Kristján Sveinbjörnsson sem skoðunarmenn reikninga og að þeir Hafsteinn Pálsson og Logi Kristjánsson væru skoðunarmenn til vara.

Samþykkt með lófataki

EKKI þurfti að kjósa fulltrúa á íþróttaping þar sem það fer ekki fram í ár.

Að lokum þakkaði þingforseti þingfulltrúum fyrri gott þing og gaf Ester Jónsdóttur varaformanni UMSK orðið.

Ester þakkaði þingforsetum fyrir góða fundarstjórn og fulltrúum fyrir góða fundarsetu.
Því næst sleit hún þingi.

Una María Óskarsdóttir

1. þingritari

Margrét Björnsdóttir

2. þingritari